

# Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 8. október 2024

Mál nr. E-431/2019:

## A faktoring ehf.

(Hannes Júlíus Hafstein lögmaður)

## gegn

## Kötlu ehf., byggingarfélagi

(Atli Björn Þorbjörnsson lögmaður)

## Dómur

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem var dómtekið 10. september sl., höfðaði A faktoring ehf., Sundagörðum 2, Reykjavík þann 8. desember 2019. Stefndi er Katla ehf. byggingarfélag, Melbrún 2, Dalvíkurbyggð.
- Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 20.760.768 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 15. október 2019 til greiðsludags. Stefndi krefst sýknu. Þá krefst hvor aðili málskostnaðar úr hendi hins.
- Í þinghaldi 3. júní 2020 var, að ósk lögmannna beggja aðila, ákveðið að fyrst yrði leyst úr málsástæðum er lúta að því hvort stefndi beri greiðsluskyldu á reikningnum á grundvelli áritunar hans á reikninginn eða annars samþykkis, og geti því ekki borið fyrir sig vanefndir upphaflegs útgefanda reikningsins. Málið var dómtekið 29. júní 2020 og dómur kveðinn upp 20. ágúst 2020. Með dómi Landsréttar 26. nóvember 2021 í máli nr. 540/2020 var dómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Málið var flutt að nýju og dómur kveðinn upp 3. maí 2022. Með dómi Landsréttar 24. nóvember 2023 í máli nr. 343/2022 var sá dómur einnig ómerktur. Í þinghaldi 10. september sl. var ákveðið að fella niður áður ákveðna skiptingu sakar og var málið í framhaldi flutt í heild sinni og tekið til dóms að því búnu.

### Málsatvik

- Þann 14. febrúar 2019 gerði stefndi verksamning við Leiguíbúðir Dalvíkurbyggðar hses. um byggingu og fullnaðarfrágang leiguíbúða við Lokastíg á Dalvík. Verklök skyldu vera 31. október 2019 og greiðsla fyrir verkið nema 195.380.500 krónum.
- Stefndi fékk Birki byggingarfélag ehf. (hér eftir nefnt Birki ehf.), sem undirverktaka og var samningur þar um undirritaður 26. febrúar 2019. Samkvæmt verksamningi milli stefnda og undirverktakans tók undirverktakinn að sér „byggingu og fullnaðarfrágang leiguíbúða ásamt þjónusturými við Lokastíg 3 Dalvík Dalvíkurbyggð.“ Verkbyrjun

skyldi vera 1. febrúar 2019 og verklok sjö mánuðum „eftir afhendingu púða.“ Heildargreiðsla skyldi nema 160.442.500 krónum en gert ráð fyrir að stefndi gæti óskað eftir aukaverkum. Stefndi skyldi ráða eftirlitsmann með verkinu og undirverktakinn fá greitt í samræmi við framvindu verksins. Þrítugasta hvers mánaðar skyldi undirverktakinn leggja fram stöðuúttekt til eftirlitsaðila stefnda og hafa samráð við eftirlitsaðila stefnda um reikningsgerð, áætlun verkstöðu og magntöku. Samþykkti eftirlitsaðili stöðuúttekt og reikningsgerð verktaka skyldi greitt samkvæmt reikningnum fyrir 10. næsta mánaðar. Ef eftirlitsaðili hins vegar hafnaði samþykkt reiknings, að hluta eða öllu leyti, skyldi sá hluti sem óumdeildur væri greiddur, en leitast við að jafna skoðanamun varðandi þann þátt sem umdeildur væri. Tækist ekki að jafna ágreininginn skyldi niðurstaða eftirlitsmanns gilda varðandi uppgjör aðila fyrir viðkomandi verklið en greiðsla fyrir þann hluta sem umdeildur væri frestast þar til verki eða endurbótum á verki væri lokið að mati eftirlitsaðila.

- 6 Mál þetta lýtur að reikningi að fjárhæð 20.760.768 krónur sem Birki ehf. gaf út þann 9. september 2019 og framseldi síðan stefnanda. Á reikninginn er stimplað: „þessi reikn. og krafa skv. honum hefur verið framseld A Faktoring ehf. Skuldari leysist aðeins undan greiðsluskyldu með greiðslu inn á neðangr. reikning A Faktoring. Annar greiðslumáti er óheimill.“ Fyrir neðan eru greiðsluupplýsingar stefnanda og undir það handskrifað: „samþ fh Kötlu ehf Jón Ingi Sveinsson“. Jón Ingi Sveinsson er forsvarsmaður stefnda. Fram er komið að hann hafi áritað reikninginn um framsalið á útgáfudegi reikningsins, 9. september 2019 og Birki ehf. síðan framselt hann til stefnanda.
- 7 Einnig liggja fyrir reikningar frá Birki ehf. til stefnda, dags. 3. maí 2019, 3. júní 2019, 13. júlí 2019 og tveir dags. 1. ágúst 2019 sem stefndi greiddi, alls 118.079.929 krónur. Tvo þeirra framseldi Birki ehf. stefnanda og greiddi stefndi stefnanda reikning dags. 3. júní 2019 þann 5. júlí sama ár og reikning dags. 1. ágúst 2019 þann 13. september sama ár.
- 8 Með bréfi lögmanns stefnda, dags. 14. október 2019, til Birkis ehf., lýsti stefndi yfir riftun verksamningsins þeirra á milli og var stefnanda sent afrit bréfsins. Segir þar að forsvarsmaður Birkis ehf. hafi tilkynnt í votta viðurvist á fundi með fulltrúum stefnda, þann 1. október 2019, að hætt verði við framkvæmd á grundvelli verksamningsins. Því hafi verið fylgt eftir með því að félagið hafi hætt starfsemi á verkstað. Staða framkvæmda 1. október hafi verið langt á eftir áætlun. Þá hafi komið í ljós að stefndi hafi greitt umfram skyldu samkvæmt verksamningnum. Þegar verktaki hafi hætt hafi komið í ljós að vinna hafi verið skemur á veg komin en greiðslur stefnda hafi átt að endurspegla. Stefndi lýsi því yfir riftun samningsins og áskilji sér rétt til skaðabóta vegna vanefnda. Tekið er fram að reikningi dags. 9. september 2019, sem framseldur hafi verið stefnanda, sé hafnað og hann verði ekki greiddur.
- 9 Með tölvupósti lögmanns stefnanda til lögmanns stefnda, dags. 17. október 2019, segir að riftunin komi stefnanda verulega á óvart þar sem reikningurinn hafi verið samþykktur til greiðslu af fyrirsvarsmanni stefnda. Honum hafi því verið falið að innheimta reikninginn.

- 10 Þá liggur fyrir tölvubréf fyrirvarsmanns Birkis ehf. til lögmans stefnda, dags. 21. október 2019. Segir þar að efni riftunarbréfsins sé mótmælt. Fyrir liggir að tafir á verkinu séu tilkomnar vegna atriða sem varði stefnda. Birki ehf. hafi lagt inn reikninga vegna breytinga og aukaverka að fjárhæð 15.000.000 króna, sem ekki hafi verið meðhöndlaðir með formlegum hætti, og honum að endingu tilkynnt að hvorki stæði til að senda reikningana áfram né greiða fyrir aukaverk. Sá reikningur, sem mál þetta lýtur að, hafi verið samþykktur og „faktoreraður“ til að greiða fyrir efni í verkið, sem hafi þegar verið afhent stefnda.
- 11 Með bréfi dags. 6. nóvember 2019 krafðist stefnandi þess við sýslumanninn á Akureyri, að kyrrsettar yrðu eignir stefnda, til tryggingar á greiðslu reikninga, áfallinna vaxta og kostnaðar. Þann 15. nóvember 2019 var fasteign stefnda að Melbrún 2, Dalvíkurbyggð, fastanúmer 215-6808 og 215-6809 kyrrsett til tryggingar kröfu stefnanda. Mál þetta var höfðað 8. desember 2019 og þingfest 12. sama mánaðar.

### **Málsástæður stefnanda**

- 12 Stefnandi vísar til þess Birki ehf. hafi gert verksamningi við stefnda 26. febrúar 2019. Á grundvelli samningsins hafi Birki ehf., 9. september 2019, gefið út framvindureikning nr. 31 á hendur stefnda að fjárhæð 20.760.768 krónur með eindaga 15. október sama ár. stefnufjárhæðin samsvari fjárhæð þess reiknings.
- 13 Stefnandi og Birki ehf. hafi gert með sér samning um kaup stefnanda á kröfu samkvæmt framangreindum reikningi. Reikningurinn hafi verið stimplaður um framsalið þar sem skilmerkilega hafi komið fram að reikningurinn og krafa samkvæmt honum hefði verið framseld stefnanda og tekið fram að skuldari leystist aðeins undan greiðsluskyldu með greiðslu inn á reikning stefnanda. Áður en til framsalsins kom hafi fyrirvarsmáður stefnda hafi áritað reikninginn um samþykki sitt fyrir greiðsluskyldu félagsins og réttmæti reikningsins. Andvirði reikningsins hafi verið notað til að greiða fyrir efni vegna verksamnings Birkis ehf. og stefnda og efnið verið afhent stefnda.
- 14 Riftunaryfirlýsing stefnda, dags. 14. október 2019, þar sem tekið var fram að reikningnum væri mótmælt, hafi komið stefnanda verulega á óvart þar sem fyrirvarsmáður stefnda hafi samþykkt greiðsluskyldu fyrir hönd félagsins og verið í sambandi við stefnanda um greiðslu hans. Stefnanda hafi virst stefndi vera að reyna að hagnast með ólögum hætti á kostnað stefnanda með því að neita greiðsluskyldu og ætlað að ásetningur hans væri að leita allra leiða til að losna við að greiða reikninginn. Fyrir liggir að stefndi hafi rift verksamningi við Birki ehf. um byggingu leiguíbúða við Lokastíg 3 á Dalvík. Riftuninni hafi verið mótmælt og ljóst að Birki ehf. telji sig eiga frekari fjárkröfur á hendur stefnda. Þá eigi stefndi einnig í ágreiningi við Dalvíkurbyggð vegna sama verks.
- 15 Stefnandi vísar til þess að greiðsla fyrir reikninginn hafi verið nýtt til að leysa út efni sem nýttist til verksins og því væri um ólögmetu auðgun stefnda að ræða ef greiðsluskyldu yrði hafnað. Meginreglan um að skuldari haldi rétti til að bera fyrir sig, gagnvart framsalshafa, þær mótbáru sem hann hafði gagnvart framseljanda, sé ekki án undantekninga. Það sé gáleysi að árita reikning vitandi að hann sé rangur. Þá hafi

fyrirsvarsmaður stefnda vitað að skjalið yrði notað í lögskiptum við þriðja mann. Skilyrði um mótbárutap séu því uppfyllt. Loks mótmælir stefnandi því að skuldajöfnuður geti verið tækur.

### **Málsástæður stefnda**

- 16 Stefnandi vísar til verksamnings stefnda við Birki ehf. um byggingu og fullnaðarfrágang leiguíbúða ásamt þjónusturými við Lokastíg 3 á Dalvík. Birki ehf. hafi verið undirverktaki stefnda sem hafi gert verksamning við Leiguíbúðir Dalvíkurbyggðar hses. um byggingu íbúðanna. Stefnandi, sem einnig reki jarðvinnuverktakastarfsemi, hafi annast jarðvinnu við verkið (svo kallaða púða) og frágang lóðar, en Birki ehf. tekið að sér fullbúning íbúðanna. Stefnandi hafi afhent umræddan púða í mars 2019 og verklok því átt að vera þann 31. október 2019.
- 17 Framkvæmdir hjá Birki ehf. hafi gengið illa og því ítrekað verið hótad, af hálfu félagsins, að hverfa frá verkinu. Stefnandi hafi gert sitt besta með því að liðka til svo verkið stöðvaðist ekki. Stefnandi hafi meðal annars tekið að sér að vinna ákveðin verk fyrir Birki ehf. og að standa undir ákveðnum kostnaði hans sem hvort tveggja skyldi svo gert upp við verklok. Að ósk Birkis ehf. hafi stefnandi greitt félaginu fyrirfram fyrir ákveðna verkþætti, umfram framvindu, til að verkið myndi ekki stöðvast. Stefnandi hafi greitt fimm reikninga Birkis ehf., samtals 118.079.929 krónur. Framvinda verið mun minni og samkvæmt úttekt byggingarstjóra 1. október 2019 hafi einungis verið búið að vinna í verkinu fyrir fjárhæð sem svari til 81.895.623 króna, litlu hærri fjárhæð en samantekt stefnda um stöðu verksins þann 1. október 2019. Samkvæmt henni hafi verkstaða þá, án jarðvinnu og frágangs utanhúss, numið 81.886.840 krónum þegar undirverktakinn hafi horfið frá verkinu. Greiðslur umfram framvindu nemi því að minnsta kosti 36.184.306 krónum.
- 18 Á verkfundi 1. október 2019 hafi fyrirsvarsmaður Birkis ehf. tilkynnt að hann segði félagið frá verkinu. Stefnandi hafi reynt að koma félaginu aftur að verkinu án árangurs og Birki ehf. hafi yfirgefið verkstað án nokkurs frágangs. Stefnandi hafi því verið knúinn til að rifta verksamningi félaganna. Í riftunaryfirlýsingu hafi komið fram að Birki ehf. hefði hætt allri starfsemi, verkið væri langt á eftir áætlun og að greitt hefði verið umfram framvindu. Stefnandi hafi áskilið sér rétt til að hafa uppi kröfur á hendur verktakanum vegna þessa. Lögmaður Birkis ehf. hafi þá sent lögmanni stefnda tölvupóst þar sem vísað hafi verið til þess að félagið teldi sig eiga rétt til frekari greiðslna vegna aukaverka en engar staðfestingar verið á aukaverkum eða beiðnum þar um. Þá hafi verið tekið fram að litið væri svo á að samkomulag væri um að stefnandi tæki við verkinu og riftunin væri óstaðfest. Engin rök eða gögn hafi þó verið lögð fram sem hafi hnekkrt rétti stefnda til riftunar. Stefnandi hafi aflað tilboða frá verktökum og birgjum til að ljúka verkinu og verð hafi numið samtals 38.919.020 krónum en einnig liggja fyrir áætlanir um 12.050.000 króna efniskostnað. Stefnandi hafi mótmælt kröfu stefnanda sem hafi engu að síður fengið eign stefnda kyrrsetta fyrir höfðun máls þessa og skellt skollaeyrum við mótbárum stefnda.
- 19 Stefnandi byggir á því að engin krafa búi að baki hinum framselda reikningi. Þegar Birki ehf. gaf út reikninginn hafi stefnandi þegar verið búið að greiða langt umfram framvindu.

Félagið hafi sagt sig frá verkinu 1. október 2019, horfið á braut af verkstað og kosið að hafa ekki frekari aðkomu að verkinu eða úttekt á stöðu þess. Byggingarstjóri hafi metið verkið sama dag, en þá hafi verið lokið við verkþætti að því er nam 81.895.623 krónum og stefndi miði kröfu sínar við það. Greiðslur stefnda hafi verið langt umfram þessa framvindu en hann hafi greitt 118.079.929 krónur og umframgreiðsla því numið 36.184.306 krónum. Hún hafi verið til komin vegna þess að stefndi hafi leitast við að liðka fyrir framkvæmdum svo þær stöðvuðust ekki. Ljóst sé að engin krafa hafi legið að baki útgáfu hins umþrætta reiknings sem hafi verið með öllu tilhæfulaus og hvorki skapað útgefanda reikningsins né framsalshafa nokkurn rétt til greiðslu úr hendi stefnda.

- 20 Stefndi byggir einnig á því að greiðsluskylda hafi ekki verið viðurkennd af hans hálfu. Á reikning þann sem stefnandi styðji rétt sinn við hafi, af hálfu stefnanda, verið ritaður texti þess efnis að reikningurinn og krafa samkvæmt honum hefði verið framseld stefnanda og að skuldari leystist aðeins undan greiðsluskyldu með greiðslu inn á nánar tilgreindan reikning stefnanda. Annar greiðslumáti væri óheimill. Stefnda hafi verið sendur reikningurinn með þessari viðbættu áritun sem hafi ekki verið skilin öðruvísi en svo að óskað væri staðfestingar á því að stefnda væru framangreind greiðslufyrirmæli ljós. Áritun fyrirsvarsmanns stefnda, beint fyrir neðan framangreinda framsalsáritun, feli ekki í sér annað og meira en staðfestingu á vitneskju um að reikningurinn hafi verið framseldur en ekki að stefndi hafi með henni samþykkt reikninginn til greiðslu eða að reikningurinn væri réttmætur.
- 21 Jafnvel þótt hann hefði samþykkt réttmæti reikningsins hafi það ekki þær lögfylgjur að hann komi ekki að þeirri mótbáru að hann hafi ofgreitt hafi Birki ehf. og að stefndi fái ekki skuldajafnað með kröfum sínum á hendur félaginu. Það væri í andstöðu við reglur kröfuréttar.
- 22 Þá byggir stefndi á því að sýknukrafa á grundvelli skuldajöfnuðar styðjist við afdráttarlausar kröfu stefnda á hendur Birki ehf. Stefndi hafi ofgreitt Birki ehf. og eigi kröfu á félagið vegna útlagðs kostnaðar, leigu á húsnæði, vinnu við verkið auk skaðabóta. Þær kröfu nemi hærri fjárhæð en ætluð krafa stefnanda og séu gagnkvæmar og sambærilegar kröfur um greiðslu peninga. Þá séu kröfur stefnda gjaldkræfar, gildar, skýrar og ótvíæðar. Stefndi útlistar kröfur sínar í eftirfarandi liðum.
- 23 Í fyrsta lagi sé um að ræða rétt til endurgreiðslu vegna ofgreiðslu, sbr. það sem áður var rakið um greiðslu 36.184.306 króna umfram framvindu. Sú fjárhæð komi til frádráttar ætluðum kröfum á hendur stefnda. Hún sé hærri en krafa stefnanda og því beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda.
- 24 Í öðru lagi hafi Birki ehf. ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar gagnvart birgjum á meðan samningssambandi hans við stefnda stóð. Stefndi hafi af þeim sökum greitt reikninga að fjárhæð 551.302 krónur og að auki ábyrgst greiðslu á 217.196 krónum. Því komi 768.498 krónur til frádráttar kröfu stefnanda á hendur stefnda.
- 25 Í þriðja lagi hafi stefndi leigt Birki ehf. húsnæði fyrir starfsmenn frá og með júní til og með september 2019. Sú krafa, 1.488.000 krónur, sé ógreidd og komi til frádráttar kröfu stefnanda.

- 26 Í fjórða lagi hafi stefndi innt af hendi vinnu við verkið í þágu Birkis ehf. Í verksamningi þeirra hafi verið gert ráð fyrir að stefndi myndi sjá um að ganga frá púða undir byggingarnar og sjá um frágang lóða og umhverfis. Birki ehf. hafi hins vegar átt að sjá um byggingu fasteignanna frá upphafi til enda. Hvort sem það hafi stafað af fjárhagsörðugleikum eða skorti á mannafla hafi raunin orðið sú að stefndi hafi þurft að koma að byggingunum með ýmsum hætti á meðan Birki ehf. hafi haft verkið með höndum. Kostnaður vegna þess nemi 11.999.728 krónum sem einnig komi til frádráttar kröfu stefnanda. Þá hafi Birki ehf. yfirgefið verkstað án þess að standa að uppgjöri vegna ýmissa atriða sem fyrrsýðanlegt sé að muni hafi í för með sér kostnað fyrir stefnda.
- 27 Loks kveðst stefndi byggja kröfu sína um skuldjöfnuð á rétti til skaðabóta úr hendi Birkis ehf. Birki ehf. hafi sagt sig frá verkinu og horfið af verkstað án þess að lögmætar ástæður væru til þess, krafið um og fengið greitt langt umfram framvindu og verkið verið langt á eftir áætlun. Í þessu hafi falist verulega vanefnd og stefndi ekki verið bundinn af heimildum til úrbóta þar sem Birki ehf. hafi hafnað frekari aðkomu að verkinu. Réttur stefnda til riftunar hafi því verið afdráttarlaus og hann hafi beint rökstuddri riftunaryfirlýsingu til Birkis ehf. Ekkert hafi verið lagt fram sem hnekki því og stefndi eigi enga sök á því að félagið hafi horfið frá verkinu í miðjum klíðum, stefnda til tjóns.
- 28 Samhliða heimild til riftunar beri stefnda skaðabætur úr hendi Birkis ehf., bæði á grundvelli reglna þar um innan og utan samninga. Sú háttsemi að skila ekki verki í samræmi við greiðslur hafi verið saknæm og ólögmat. Mestu skipti þó að horfið hafi verið frá verkinu án nokkurra lögmætra ástæðna. Það leiði til bótaréttar innan samninga samkvæmt almennum reglum, sbr. einnig grein 6.2.4 í ÍST30 sem sé meðal samningsgagna.
- 29 Fram sé komið að stefndi hafi greitt Birki ehf. 118.079.929 krónur vegna verksins og þannig ofgreitt alls 36.184.306 krónur. Þá séu framantaldir liðir, 768.498 krónur vegna útlagðs kostnaðar, 1.488.000 krónur vegna útleigu húsnæðis og 11.999.728 krónur vegna vinnu stefnda við verkið. Byggt sé að því að skaðabótaréttur stefnda nái til þessara krafna, enda um að ræða tjón sem sé bein afleiðing af vanefndum og saknæmri og ólögmatrí háttsemi Birkis ehf. eða þeirra starfsmanna eða stjórnenda sem í hlut eigi. Allt hafi þetta orðið til þess að verkið hafi orðið stefnda dýrara en um var samið.
- 30 Tjón stefnda felist einnig í því að meiri kostnaður hljótist af því að ljúka hinu umsamda verki en virði samningsins við Birki ehf. hafi miðast við. Samningsupphæðin, 160.442.500 með virðisaukaskatti, hafi verið tengd við byggingarvísitölu. Að teknu tilliti til þess hefði verkið hefði því ekki átt að kosta stefnda meira en 165.184.643 krónur og stefndi beri ábyrgð á tjóni sem felist í auknum kostnaði. Sá kostnaður sem stefndi hafi af verkinu sé varlega áætlaður 212.834.386 krónur, þ.e. 47.649.725 krónur umfram samningsfjárhæðina. Í því felist tjón stefnda sem komi til frádráttar kröfum stefnanda.
- 31 Eftir brotthvarf Birkis ehf. og riftun verksamnings hafi stefndi leitað tilboða í að ljúka ákveðnum verkþáttum sem nemi alls 38.919.020 krónum. Einnig hafi verið leitað eftir áætlunum í verð á hurðum, innréttingum og ljósum og kostnaður við þau nemi alls 12.050.000 krónum.

- 32 Stefndi hafi ekki aðeins staðið að endurskipulagningu verksins og stjórnun. Hann hafi ráðið til starfa við verkið fjóra fyrrum starfsmenn Birkis ehf. og nýtt að auki krafta nokkurra starfsmanna sinna við það. Þegar greinargerð var rituð hafi þegar fallið til launakostnaður að fjárhæð 9.128.246 krónur. Önnur gjöld vegna starfsmannanna nemi 1.610.230 krónum. Starfsmenn stefnda hafi þá enn verið við vinnu við verkið og mætti áætla að þessi kostnaður myndi tvöfaldast fyrir verklok.
- 33 Loks er vísað til frekari efniskaupa fyrir 1.121.042 krónur og 229.905 krónur í fæðiskostnað.
- 34 Samkvæmt öllu þessu hafi kostnaður við verkið numið alls 226.893.842 krónum, sé sá reikningur sem hér er tekist á um talinn með, og kostnaður umfram samningsfjárhæð því alls 61.709.199 krónur.
- 35 Stefndi hafnar því sérstaklega að hann hafi hagnast með ólögmætum hætti á kostnað stefnanda. Þvert á móti bendi ekkert til annars en að stefndi stórtapi á vanefndum þess aðila sem stefnandi leiði rétt sinn frá. Ósannað sé að stefnandi hafi innt af hendi greiðslur til Birkis ehf. fyrir hina ætluðu kröfu á hendur stefnda, eða að þeim fjárhæðum hafi verið varið til verksins.
- 36 Stefndi mótmælir dráttarvaxtakröfu stefnanda sem vanreifaðri og án lagastoðar. Falli greiðsluskylda á stefnda verði honum alltént ekki gert að greiða dráttarvexti fyrr en frá dómsuppsögu.
- 37 Stefndi krefst málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda. Stefnandi leitist við að afla dóms fyrir kröfu sem hann viti að varði réttarsamband stefnda og þriðja aðila sem enga aðild eigi að málinu. Málalíbúnaður stefnanda sé þannig úr garði gerður að stefnda sé gert erfitt um vik varðandi varnir og líta verði til þess við ákvörðun málskostnaðar.

### **Niðurstaða**

- 38 Fyrir liggur að stefndi tók að sér verk fyrir Leiguíbúðir Dalvíkurbyggðar hses. og réð Birki ehf. sem undirverktaka. Samkvæmt verksamningi milli stefnda og Birkis ehf. skyldi stefndi ráða eftirlitsmann með verkinu og undirverktakinn fá greitt í samræmi við framvindu verksins. Þrítugasta hvers mánaðar skyldi undirverktakinn leggja fram stöðuúttekt til eftirlitsaðila stefnda og hafa samráð við eftirlitsaðila stefnda um reikningsgerð. Samþykkti eftirlitsaðili stöðuúttekt og reikningsgerð verktaka skyldi greitt samkvæmt reikningnum fyrir 10. næsta mánaðar. Þá var í samningnum mælt fyrir um hvernig leysa skyldi úr ágreiningi sem upp kynni að koma.
- 39 Deilt er um reikning sem Birki ehf. gaf út 9. september 2019 að fjárhæð 20.760.768 krónur, og framseldi stefnanda. Á reikninginn er stimplað: „þessi reikn. og krafa skv. honum hefur verið framseld A Faktoring ehf. Skuldari leysist aðeins undan greiðsluskyldu með greiðslu inn á neðangr. reikning A Faktoring. Annar greiðslumáti er óheimill.“ Undir það ritaði fyrirsvarsaður stefnda: „samþ fh Kötlu ehf Jón Ingi Sveinsson“. Reikningar Birkis ehf. til stefnda höfðu tvisvar áður verið framseldir með sama hætti og stefndi greitt stefnanda í samræmi við það.

- 40 Um framsal almennra krafna gildir sú meginregla að skyldur skuldara eiga ekki að aukast við framsalið. Samkvæmt henni getur skuldari haft uppi allar þær mótbárur, sem hann gat borið fram við framseljanda, gagnvart framsalshafa og að jafnaði einnig þótt framsalshafa hafi verið ókunnugt um mótbáruna þegar framsalið fór fram. Hins vegar hefur verið talin ástæða til að víkja frá þessari meginreglu í sérstökum tilvikum, svo sem þegar skuldari átti að geta gert sér grein fyrir því að yfirlýsingu hans ætti að nota sem skilríki í lögskiptum við þriðja mann og skuldari hefur sýnt af sér gáleysi.
- 41 Ólafur Haraldsson, fyrirvarsmaður stefnanda, lýsti því að stefnandi hafi gert samning við Birki ehf. í maí 2019. Hann hafi gert grein fyrir viðskiptum hans við stefnda. Stefnandi hafi samþykkt að kaupa reikninga ef þeir væru staðfestir af fyrirtækinu (stefnda), og þá af forráðamanni sem var framkvæmdastjóri eða prókúruhafi og að reikningarnir væru áritaðir um samþykki. Í þessu tilviki hafi reikningurinn verið samþykktur af Jóni Inga, sem var framkvæmdastjóri, aðaleigandi og prókúruhafi. Hann líti svo á að fyrirvarsmaðurinn hafi með árituninni samþykkt reikninginn, enda hafi hann vitað að stefnandi myndi í framhaldinu leggja út fé. Við kaup hafi 90% reiknings verið greidd til framseljanda, 7% skyldu greidd þegar greiðsla bærisk og 3% væri þóknun til stefnanda. Samþykki greiðanda hafi verið forsenda fyrir kaupum reikninganna. Hann kvað Jón Inga hafa haft samband 30. september 2019 og spurst fyrir um hve hátt hlutfall stefnandi hefði keypt, og rætt um að greiða stefnanda 90% reikningsfjárhæðarinnar. Hann hafi viðurkennt reikninginn en ekki viljað greiða meira en stefnandi hefði lagt út.
- 42 Í greinargerð stefnda segir að framkvæmdir hjá Birki ehf. hafi gengið illa og því ítrekað verið hótáð að fara frá verkinu. Stefndi hafi liðkað til svo verkið stöðvaðist ekki, meðal annars tekið að sér að vinna ákveðin verk fyrir félagið og að standa undir kostnaði þess, sem skyldi svo gert upp við verklok. Að ósk Birkis ehf. hafi stefndi greitt félaginu fyrirfram fyrir ákveðna verkþætti, umfram framvindu, svo verkið myndi ekki stöðvast.
- 43 Fyrir dómi svaraði fyrirvarsmaður stefnda spurningu um ástæður þess að Birki ehf. hafi fengið greitt umfram framvindu vera þá að á þessum tíma hafi verið komið mikið efni og einingar, og Birki ehf. borið sig þannig að þyrfti að græja þetta og hann hafi fylgt því eftir. Það hafi átt að jafnast út síðar í verkinu. Hann hafi gert fyrirvarsmanni Birkis ehf. grein fyrir því að verkið væri ekki komið þetta langt, en greitt reikninga frá honum með það í huga að þetta yrði jafnað út síðar. Hann kvaðst aðeins hafa verið að árita reikninginn um samþykki fyrir framsali en ekki um samþykki reikningsins. Spurður um það hvern hann teldi tilganginn með framsalinu hafa verið kvaðst hann „ætla rétt að vona að hann hafi ætlað að standa við verksamning“. Hann kvað ekki hafa verið gerða úttekt á verkinu áður en hann áritaði umræddan reikning.
- 44 Fyrirvarsmaður Birkis ehf. bar að greiðslu fyrir reikninginn hafi verið varið í efni til verksins. Hann hafi meðal annars afhent heilan „trailer“ sem hafi komið með Smyril Line í lok september 2019 og einnig stál og fleira aukaefni að utan í október 2019.
- 45 Eins og að framan greinir kemur fram í greinargerð stefnda og framburði fyrirvarsmanns stefnda að hann hafi áritað reikninga Birkis ehf., vitandi að greiðsla væri umfram framvindu verksins til að liðka fyrir því að það héldi áfram og af því að komið var efni

og einingar sem þyrfti að leysa út. Það er álit dómsins að fyrirsvarsmáður stefnda hafi sýnt af sér gáleysi með áritun sinni á umræddan reikning, vitandi að hann væri ekki fyllilega réttmætur og að hann yrði notaður sem skilríki í lögskiptum við þriðja mann. Verður því vikið frá framangreindri meginreglu og litið svo á að stefndi hafi misst rétt til að hafa uppi, gagnvart stefnanda, mótbárur sem lúta að vanefndum útgefanda reikningsins. Þegar af þeirri ástæðu verður krafa stefnanda tekin til greina. Dráttarvaxta er krafist frá 15. október 2019 en það er tilgreindur eindagi á umræddum reikningi. Verður sú krafa einnig tekin til greina, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um dráttarvexti.

46 Eftir úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað sem er ákveðinn 1.250.000 krónur.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Katla byggingarfélag ehf., greiði stefnanda, A. Faktoring ehf., 20.760.768 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 15. október 2019 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.250.000 krónur í málskostnað.

Arnbjörg Sigurðardóttir